

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 51. gr. og 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Stöðvunarskylda verður á Furumel við Hagamel.
2. Einstefnuakstur verður á Seljavegi til suðvesturs frá Vesturgötu að Holtsgötu.
3. Heimilt er að leggja bifreiðum á Seljavegi, báðum megin götunnar.

Framangreindar reglur taka gildi 15. mars 1974.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 7. mars 1974.

Sigurjón Sigurðsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið 1. mars til 15. maí 1974.

Með skirskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirgreindan verðgrundvöll á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið 1. mars til 15. maí 1974:

Loðnumjöl, \$ 8.25 á próteineiningu í lest.

Loðnulýsi, \$ 372.00 fyrir hverja lest.

Verðbil verði ekkert.

Verðið miðast við c.i.f., og gerist upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, \$ = kr. 87.00.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 50% af verðbreytingum frá verðgrunni þessum.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. mars 1974.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.